

7.Bekkur

Hönnun & Smíði
Haustönn 2018

Kennari: Alda Rose Cartwright
alda.rose@barnaskolinn.is

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Lýsing á áfanga

Á öllum bekkjarstigum í Hönnun&smíði legg ég á áherslu á að nemendur öðlist færni í notkun verkfæra, efli verkvit og þjálfist í úrlausn verkefna umfram þess að skila fullkomnaðri loka afurð. Markmið H&S er að þjálfa nemendur í að skipuleggja verkferli verkefnis og hlúa að öllum þáttum þess með því að vera þátttakandi sköpunarferlisins frá upphafi.

Ég hvet nemendur jafnframt til að hugsa sjálfstætt, læra af mistökum og nýta sér óvæntar niðurstöður á skapandi hátt. Við bjóðum mistökum velkomin sem eðlilegan og þroskandi þátt í lærdómsferlinu. Auk þess að efla verkvit og færni nemenda í handverki legg ég áherslu á gagnrýnt samtal um hönnun og listir sem eykur læsi nemenda á umhverfi sitt. Við skoðum hönnun út frá notagildi sem og fagurfræði. Við reynum eftir bestu getu að að nýta efni úr nærumhverfi í anda sjálfbærinnar. Einnig er mikilvægt er að nemendur beri ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum.

Námsmat

Metnir eru eftirfarandi þættir í Hönnun&Smíði:

- Ástundun
- Virkni í tíma
- Frumkvæði
- Frumleiki
- Áhugi og jákvæðni
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Vandvirkni
- Úrlausn verkefna
- Umgengni og hegðun
- Færni nemanda að taka leiðsögn.

Nr.	VIKA/MÁN.	Verkefni	Markmið
35	27.ÁG.-2.SEPT	Kistill	Nemendur skoða gerð kistils og skoða form, stærð og samsetningu. Nemendur þurfa að reiða sig á stærðfræði og nákvæmni við gerð kistilsins. Nemendur velta fyrir sér notagildi hönnunnar.
36	3.-9. Sept.	Kistill	-
37	10.-16. Sept.	Kistill	-
38	17.-23. Sept.	Kistill	-
39	24.-30. Sept.	Kistill	-
40	1.Okt.-7.Okt.	Kistill	-

41	8.- 14.Okt.	Hátalari fyrir síma	Nemendur skoða hvernig hægt er að ("stækka") varpa hljóði frá eins litlum hlut eins og farsíma (án rafmagnshátalara). Næst úfærum við bestu hugmyndina í verk.
42	15.-21.Okt.	Hátalari fyrir síma	-
43	22.-28.Okt	Hátalari fyrir síma	-
44	29.Okt -4.Nóv.	Hátalari fyrir síma	-
45	5.-11.Nóv.	Veggklukka	Nemendur skoða mismunandi útfærslur af klukkum í gegnum tímann ;) Skoðum jafnframt tímann sjálfan og í samhengi við náttúruna. Nemendur hanna sína eigin klukku og fá alvöru klukkuverk svo klukkan sé notfær.
46	12.-18.Nóv.	Veggklukka	-
47	19.- 25. Nóv.	Veggklukka	-
48	26.-2.Des.	Veggklukka	-
49	3.Des- 9.Des.	Jólaskraut	
50	10.- 16.Des.	Jólaskraut	
51	17.- 23.Des.		
52	24.-30.Des.		